

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	3	Íslenska fyrir fólk af erlendum uppruna	21
Inngangur forstöðumanns	4	Fullorðinsfræðsla fatlaðs fólks	23
Stjórn MSS	8	Fyrirtækjasvið	24
Starfsfólk MSS	9	Náms- og starfsráðgjöf	27
Nám fyrir einstaklinga	11	Samvinna - starfsendurhæfing	31
Fjarnám á háskólastigi	13	Erlend verkefni	41
Námsleiðir	14	Þróunarverkefni	45
		Ársreikningur 2022	46

Hæðir og lægðir

Í ár lít ég til baka, heilan áratug sem stjórnarmaður og stjórnarformaður MSS. Ég get líkt vegferð miðstöðvarinnar við siglingu í alls kyns veðrum.

Skútan er sterkt með öfluga áhöfn en sjólagið breytilegt eftir veðri og vindum. Þannig hefur umhverfið breyst og þróast á leiðinni; atvinnulífið og almennt ástand á opinberum vettvangi sem og í einkageiranum.

Mikið atvinnuleysi, lítið atvinnuleysi, mikil aukning ferðamanna, mikil aukning hælisleitenda, flóttamanna, heimsfaraldur og nú efnahagslægd sem mun án efa hafa mikil áhrif á bæði fyrirtæki og heimili í landinu. Að ná tökum á verðbólgunni er helsta áskorunin.

Mitt í öldurróti umhverfisins erum við sjálf aðal leikendurnir. Það er ekki bara veðurfarið sem tekur dýfur og skiptir um kúrs á núll einni. Andleg líðan okkar á þetta til, allt eftir hvaða stefnu líf okkar tekur. Við tökumst stundum á við snarpa vinda í stuttan tíma. Jöfnum okkur, setjum undir okkur hausinn og örkum af stað. Lífið á það til að bjóða upp á stormasamt tímabil í lengri tíma.

Flest höfum við háð innri baráttu við okkur sjálf. Tekið snarpa dýfu og stundum lengri óveðurtímabil. En það birtir alltaf til. Vindinn lægir, sólin brýst fram og lognið færir yfir.

Að taka ákvörðun um að stíga skref til aukinnar menntunar er gæfuspor enda verður hugvitið aldrei tekið af okkur. Oft er ákvörðun tekin á tímamótum. Hvort sem tímamót eru í kjölfar hæðar eða lægðar er ákvörðun um aukna menntun góð. „Fleiri verkfæri í kistuna“ eins og maður orðar það við börnin. En það á líka vel við um okkur. Efla vopnabúrið og gera sig ekki bara samkeppnishæf á vinnumarkaði heldur gjaldgeng.

Í síðasta ávarpi þakkaði ég fyrir að nú væri eldgosíð í Geldingadölum búið og jarðskjálftahrina að baki. Það var skammgóður vermir þar sem sl. sumar fór aftur að gjósa. Þá sá loksins fyrir endann á heimsfaraldri en enn eimir þó af honum og fólk greinist enn í dag, þó ekki jafn veikt og áður. Einhvern veginn var gosið í seinna

skiptið ekki jafn ógnvekjandi eða merkilegt og það fyrra og að greinast með Covid í dag þykir ekki stórtíðindi. Við aðlögumst og venjumst aðstæðum, sama hversu óvenjulegar þær eru. Hvernig sem ástandið er innra með okkur, í atvinnulífi eða í heiminum þá stendur Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum keik sem aldrei fyrr. Sinnir sínum verkefnum af alúð og tekur á móti nemendum með opnum örmum.

Ég þakka stjórninni samstarfið í gegnum þann áratug sem ég hef setið í stjórn MSS. Það hefur verið gaman og gefandi að vera hluti af sterkri heild með jafn metnaðarfullt sí- og endurmenntunarstarf í forgrunni og raun ber vitni. Forstöðukonu MSS, Guðjónínu færi ég sérstakar þakkir fyrir samstarfið og fyrir að stýra skútunni í öllum veðrum, með öflugri áhöfn.

Grindavík, mars 2023

Kristín María Birgisdóttir

stjórnarformaður MSS



Árið sem allt opnaðist á nýjan leik

Árið 2022 var árið sem allt opnaðist á nýjan leik eftir covid árin ógurlegu. Frelsið var kærkomið fyrir landsmenn sem vildu bæta upp þann tíma þar sem lítið var hægt að gera. Landsmenn lögðu land undir fót og samkvæmt samfélagsmiðlunum virtust allir Íslendingar vera annað hvort á Ítalíu eða á Tenerife.


Starfsemi MSS hélt sínu striki en ljóst var að aðstæður í samfélaginu voru að batna. Fyrirtæki sóttu í sig veðrið eftir covid og ferðaþjónustan byrjaði að blómstra á nýjan leik. MSS var þó áfram í góðu samstarfi við Vinnumálastofnun um námskeiðahald fyrir atvinnuleitendur.

Verkefnið Nám er tækifæri hélt áfram á árinu og var einstaklega gott samstarf milli MSS og VMST við útfærslu þess. Haldin voru fjölmörg starfstengd námskeið fyrir atvinnuleitendur eins og árið á undan en mun meira bar á því að fólk fengi vinnu og því voru mun færri sem útskrifuðust af hverju námskeiði fyrir sig.

Sí- og endurmenntun starfsmanna

Sí- og endurmenntun starfsmanna MSS skiptir ávalt miklu máli en undirstaða þróunar felst í hugmyndaauðgi og framkvæmd og er fátt betra til að auðga hugann en góð sí- og endurmenntun. Starfsmenn MSS eru duglegir að sækja styttri námskeið, fræðsluerindi og ráðstefnur bæði í gegnum netið og staðbundið sem eflir þá í starfi. Á árinu voru tveir starfsmenn í meistaranámi í geðheilbrigðisfræði við Háskólann á Akureyri og er ánægjulegt að þær eru að vinna rannsókn sem mun nýtast í starfi hjá Samvinnu starfsendurhæfingu. Þrír starfsmenn hófu nám í fjarmálaráðgjöf í ráðgjafaskóla LTV. Nokkrir starfsmenn eru að taka staka áfanga á háskólastigi til að efla sig í starfi.

Annar náms- og starfsráðgjafinn útskrifaðist með master í náms- og starfsráðgjöf árið 2021.



Útskriftarverkefnið var um áhrif þess að hafa farið í raunfærnimat í almennri starfshæfni.

Ritgerð hennar hefur fengið töluverða athygli og var hún fengin til að vera með erindi um sínar niðurstöður á ráðstefnunni VPL Biennale og í kjölfarið að skrifa erlenda grein um efnið í samráði við Háskóla Íslands og mun greinin birtast í PLAIO á vormánuðum 2023.

Það er gaman að segja frá því að námskeiðið Fjölmanning auðgar er afurð af námskeiði sem nokkrir starfsmenn MSS sátu árið 2021 en námskeiðið hefur verið vinsælt meðal vinnustaða og hafa yfir þúsund einstaklinga hér á Suðurnesjum sótt námskeiðið.

Samfélagsmiðlar

Ákveðið var á árinu að uppfæra samfélagsmiðla MSS í markaðslegum tilgangi og fengum við Þórönnu Jónsdóttur ráðgjafa með okkur í lið og þjálfaði hún tvo starfsmenn upp í að búa til efni og hvernig ætti að koma því á framfæri. Þar með erum við að komast aðeins inn í nútíma markaðssetningu þó við eigum enn nokkuð langt í land í þeim efnum.

Gæðamál og innra mat

Námskannanir

Starfsfólk MSS leggur mikla áherslu á gæðastarf og er innra mat því mjög mikilvægt. Hluti af innra mati stofnunarinnar eru námskannanir sem eru lagðar fyrir í öllum námsleiðum MSS.

Markmið MSS er að ávallt séu a.m.k. 85% viðskiptavina ánægðir með þá vöru og þjónustu sem þeir fá hjá MSS. Þættir sem spurt er út í varða námskeiðið sjálft, kennsluna, þjónustu starfsmanna og aðstöðu hjá MSS. Kannanirnar sýna að við náum því. Í þeim tilfellum þar sem upp kemur óánægja þá er brugðist strax við og bætt úr.

EQM+

MSS starfar eftir EQM gæðakerfinu sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins stendur að og veitir vottanir fyrir. Evrópska gæðamerkið (EQM) er gæðavottun sem styður við gæði fræðsluaðila og starfsemi þeirra í evrópsku samhengi. Vottunin tekur yfir hönnun, þróun og umsýslu náms í fullorðinsfræðslu, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati. EQM+ úttektin er framkvæmd á þriggja ára fresti og var komið að henni á árinu 2022.

Þar var farið yfir nám og kennslu, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat. Vottunaraðili frá Starfsgæðum tók út starfssemina samkvæmt EQM viðmiðum og kom úttekin einkar vel út og erum við afar stolt af því. FA veitti MSS EQM+ vottunina um mitt ár.


Rannsókn var gerð á árangri Samvinnu starfsendurhæfingu. Þegar sjálfseignastofnuninni Samvinnu var slitið þá var helmingur þess fjármagns sem Samvinna átti látin ganga til MSS. Ákveðið var að nýta fjármagnið til að skoða hvernig endurhæfingin hjá Samvinnu hefði reynst þeim sem sótt hefðu þjónustuna. Markhópurinn samanstóð af þeim sem höfðu verið í endurhæfingu hjá Samvinnu frá upphafi til áramóta 2020/2021. Rannsóknin var framkvæmd í gegnum síma og með tölvupósti til þeirra sem það vildu dagana 25. ágúst – 25. september 2022. Alls voru 221 einstaklingur sem svöruðu og var það svarhlutfall upp á 33,9%. Heilt yfir þá voru niðurstöður góðar og sú þjónusta sem boðið er upp á hjá Samvinnu hafði nýst skjólstæðingum vel.


Flestir nýttu sér marga þjónustuþætti og mörg námskeið í sinni endurhæfingu ásamt annarri sérfræðiþjónustu s.s. sálfræðiþjónustu, sjúkráþjálfun og náms- og starfsráðgjöf.

Stærstur hluti þeirra sem kom í starfsendurhæfingu til Samvinnu nefndu andlegan vanda sem ástæðu þess að þeir þurftu á starfsendurhæfingu að halda. Stoðkerfisvandi var einnig nefndur af meira en helmingi skjólstæðinga og margir nefndu alvarleg áföll og geðraskanir. Meirihluti þátttakenda metur það svo að lífsgæði þeirra séu betri nú en áður en endurhæfing hófst. Einkum á það við um andlega heilsu, en einnig á það við um samskipti við fjölskyldu, starfshæfni og námshæfni. Í öllum þessu þáttum eru mun færri sem telja lífsgæðin verri nú en áður en þeir hófu endurhæfinguna. Þá eru allmargir sem verja meiri tíma í hreyfingu, félagsstarf, íþróttir og tómstundastarf en fyrir starfsendurhæfingu og sama er að segja um samveru með vinum og kunningjum.

Það sem endurhæfingin virðist ekki ná alveg böndum á er stoðkerfisvandinn. Þeir sem gímdu við stoðkerfisvanda eru samkvæmt rannsókninni enn að glíma við hann og virðist endurhæfingin ekki ná tökum á vandanum sem slíkum. Hins vegar virðist þeim einstaklingum samt sem áður líða betur hvað varðar aðra þætti s.s. bæði andlega og varðandi samskipti við aðra miðað við áður en þau komu í endurhæfingu.

Það sem þessi rannsókn sýnir er að við erum að gera marga góða hluti sem við þurfum að halda áfram með og þróa eftir því sem við á. Við erum að ná góðum árangri með einstaklinga sem glíma við andleg og félagsleg vandamál. Hins vegar þarf að skoða hvort við getum unnið meira með stoðkerfisvandann þannig að ef samskonar rannsókn yrði gerð síðar þá myndum við merkja breytingu til hins betra hvað varðar stoðkerfisvanda einstaklinga sem til okkar koma í endurhæfingu.





Lokaorð

Árið 2022 var árið þar sem lífið hóf að færast í sama horf og áður. Það byrjaði hægt og rólega í byrjun árs en svo sprangu landsmenn út og ferðagleðin tók völd, bæði hjá Íslendingum sem og ferðamönnum sem komu til landsins. Störfum fjölgaði og atvinnleysi minnkaði og enn og aftur þurfti starfsfólk MSS að bregðast við nýjum aðstæðum. **Stjórn MSS þakka ég fyrir mjög gott samstarf á árinu og vil ég einnig þakka starfsfólki fyrir einstaklega vel unnin störf, jákvæðni og fyrir að vera ávallt lausnamiðuð í þeim aðstæðum sem upp koma.**

Guðjónína Sæmundsdóttir
forstöðumaður MSS



Stjórn



Kristín María Birgisdóttir

Stjórnarformaður, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum. Varamaður: Puríður Gísladóttir.



Ellert Eiríksson

Atvinnurekendur.



Ólafur Magnússon

Stéttarfélag.
Varamaður: Guðbjörg Kristmundsdóttir.




Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir

Reykjanesbær.
Varamaður: Berglín Bergsdóttir.



Kristján Ásmundsson

Fjölbrotaskóli Suðurnesja.
Varamaður: Guðlaug M. Pálsdóttir.



Stjórn hélt þrjá bókaða fundi á árinu 2022.

Starfsfólk



Áslaug Bára Loftsdóttir
verkefnastjóri, 100% starf.



Eydís Eyjólfsdóttir
þjónustufulltrúi, 80–100% starf.



Hólmfríður Karlsdóttir
verkefnastjóri / deildarstjóri, 100% starf.



Birna Vilborg Jakobsdóttir
markaðs- og gæðastjóri, 100% starf.



Guðjónína Sæmundsdóttir
forstöðumaður, 100% starf.



Hrannar Baldursson
verkefnastjóri, 100% starf.



Díana Sól Aleksandersdóttir
verkefnastjóri, 100% starf.



Gunnrún Theodórsdóttir
ráðgjafi Samvinnu, 100% starf.



Inga Sif Ingimundardóttir
náms- og starfsráðgjafi, 100% starf.



Jóhann Birnir Guðmundsson
verkefnastjóri, 85% starf.



Nanna Bára Maríasdóttir
verkefnastjóri, 100% starf.



Sunna Hafsteinsdóttir
ráðgjafi Samvinnu, 100% starf.



Kristinn Bergsson
þjónustufulltrúi og tæknimaður, 100% starf.



R. Helga Guðbrandsdóttir
ráðgjafi Samvinnu / deildarstjóri, 100% starf.



Sveindís Valdimarsdóttir
verkefnastjóri, 100% starf.



Kristín Hjartardóttir
verkefnastjóri, 100% starf.



Sigríður Helga Georgsdóttir
þjónustufulltrúi, 100% starf.



Þórdís Marteinsdóttir
ráðgjafi Samvinnu, 100% starf.



Linda Björk Pálmadóttir
verkefnastjóri, 85-100% starf.




Steinunn Jónatansdóttir
náms- og starfsráðgjafi / deildarstjóri,
100% starf.

Gagn og gaman



Flokkurinn Gagn og gaman inniheldur námskeið sem einstaklingar sækja sér jafnan til skemmtunar og fróðleiks. MSS er í samstarfi við samtökin U3A Suðurnes. U3A stendur fyrir University of the Third Age eða Háskóli þriðja aldurskeiðsins sem er fyrir 60 ára og eldri. Nokkrir hópar eru undir U3A sem hittast reglulega yfir vetrarmánuðina hjá MSS til að ræða saman, hlusta á erindi og fræðast um hin ýmsu málefni. Alls mættu 32 einstaklingar á vor- og haustönn. Öll starfsemin er skipulögð af U3A.


Farið var að stað með námskeiðið Olúmálun hjá Eybjörgu og var það vel sótt. Haldin voru þrjú námskeið og voru 37 einstaklingar sem að léku sér með pensilinn. MSS skipulagði námskeið þar sem 60 ára og eldri fengu kennslu á spjaldtölvur og snjallsíma í samstarfi við Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.




Námskeiðið var haldið í öllum sveitarfélögum á Suðurnesjum. Haldin voru 9 námskeið og voru 59 einstaklingar sem að sóttu þau námskeið.

Samstarf er við Þekkingarsetur Suðurnesja og auglýsir MSS námskeið fyrir setrið og sér um skráningu. Þekkingarsetur Suðurnesja sér um aðra umsýslu vegna námskeiðanna. Haldið var eitt námskeið sem bar heitið Hrekkjavakan saga og skreytingar.

Í heild sinni voru haldin nítján námskeið með 233 einstaklingum í floknum Gagn og gaman.



Heildarfjöldi þátttakenda á tungumálanámskeiðum



Heildarfjöldi þátttakenda á tölvunámskeiðum


Fjarnám á háskólastigi

Það voru um 130 nemendur sem nýttu sér aðstöðu hjá MSS til að stunda fjarnám á vorönn 2022 en 175 á haustönn og hefur fjöldinn hækkað lítilega á milli ára. Aðstaðan og þjónustan sem fjarnemar geta nýtt sér hjá MSS er margvísileg og má nefna aðstöðu til lærdóms og próftöku. Einnig fá nemar aðgengi að þjónustu náms- og starfsráðgjafa MSS, prentþjónustu og aðstoð varðandi ýmis tilfallandi atriði, sem upp koma og eru tengd náminu.

Alls voru 244 próf haldin á árinu og voru 964 einstaklingar samtals sem þreyttu prófin. MSS hafði umsjón með prófum fyrir Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands, Bifröst, Háskólann í Reykjavík og Verzlunarskóla Íslands. Skipulag, undirbúningur og yfirseta í prófunum var í höndum MSS.

Vorið 2022 útskrifuðust 38 fjarnemendur frá Háskólanum á Akureyri sem nýtt höfðu aðstöðu til náms hjá MSS og skiptist hópurinn á eftirfarandi hátt á námsdeildir:

Deild	Fjöldi nemenda
<i>Auðlindadeild</i>	1
<i>Framhaldsdeild í heilbrigðisvísindum</i>	1
<i>Félagsvísindadeild</i>	4
<i>Hjúkunarfræðideild</i>	7
<i>Iðjupjálfunarfræðideild</i>	2
<i>Kennaradeild</i>	8
<i>Lagadeild</i>	5
<i>Sálfræðideild</i>	2
<i>Viðskiptadeild</i>	8



Námsleiðir

Starfstengt nám

Það var gott að sjá fyrir endann á samfélagstakmörkunum og finna lífið falla í eðlilegra horf eftir því sem leið á árið, MSS hélt áfram að takast á við fjölmörg verkefni sem flest snúa að því að aðstoða þátttakendur við að ná markmiðum sínum í námi, leik og starfi.

Námsleiðir í almennu bóklegu námi undirbúa þátttakendur til dæmis fyrir frekara nám og auk þess er lögð áhersla á mikilvæga námsþætti fyrir daglegt líf og starf svo sem námstækni, sjálfstyrkingu, samskipti og tölvu- og upplýsingatækni. Einnig er áhersla á að læra að læra, efla skipulagsfærni, sjálfstraust í námi og ekki síst sjálfstæði í vinnubrögðum.

Sú færni sem lögð er til grundvallar í lengri bóklegum námsleiðum er ætlað að styrkja stöðu þátttakenda á næstu stigum náms. Mörg/margar námskeið/námsleiðir eru einnig kenndar á ensku og pólsku eftir þörfum eða með aðstoð túlks.

MSS býður líka uppá starfstengt nám sem getur veitt einstaklingum tækifæri til þess að efla sig í starfi, skipta um starfsvettvang eða kynnast störfum og starfsgeirum sem vekja áhuga þeirra. Það hefur sýnt sig að þau verkfæri sem MSS hefur til þess að þjónusta markhópin og áralöng reynsla af skipulagi starfstengdra námsleiða virka afar vel. Þá er sá mikli sveigjanleiki sem starfsemin hefur að bjóða mikill kostur en þar vinna saman námsframboðið sem MSS getur boðið og það hversu fljótt hefur verið hægt að bregðast við.

MSS hefur lagt áherslu á sveigjanlegt nám þar sem nemendur geta nálgast námsefni á netinu, óháð tíma og rúmi en boðið er upp á margvíslegar námsleiðir bæði starfstengdar og í almennum bóklegum greinum.





Verkefnið Nám er tækifæri gerði MSS kleift að bjóða upp á fleiri námskeið og námsleiðir fyrir þátttakendur sem voru á vinnumarkaði, á hlutabótaleið hjá Vinnumálastofnun (VMST), í námi eða virkir atvinnuleitendur.

Okkar góða samstarf við VMST sýndi sig og sannaði í þessu verkefni því mikið samstarf þurfti til að framfylgja eftir verklagsreglum sem settar voru í verkefninu.

Einnig fundum við hvað samstarf og markvissar kynningar fyrir ráðgjafa og starfsfólk hjá félagsþjónustu nærsveitarfélaga skiptir miklu máli.

Grunnmennt og Menntastoðir

Fullorðnir námsmenn sem hafa ekki lokið grunnskóla, eru með stutta formlega skólagöngu að baki eða hafa ekki stundað nám í langan tíma geta tekið fyrsta skrefið í Grunnmennt. Námið hentar vel fólki sem vill fara rólega af stað og fá góðan stuðning, hvatningu og leiðsögn frá upphafi. Í náminu er auk kjarnagreinanna lögð áhersla á mikilvæga námsþætti fyrir daglegt líf og starf svo sem námstækni, sjálfstyrkingu, samskipti og tölvu- og upplýsingatækni.

Fyrir þá sem vilja halda áfram menntavegin og stefna jafnvel að stúdentsprófi eða ígildi stúdentsprófs þá eru Menntastoðir frábært skref en nemendur geta valið um þrjár mismunandi leiðir, staðnám, dreifinám eða fjarnám.

Mikil aðsókn hefur verið í Menntastöðir en það má skýra með breyttum aðstæðum á vinnumarkaði en meta má námið t.d. sem hluta af bóklegum greinum í iðnnámi. Lokamarkmið Menntastöða er fyrst og fremst að námsmenn auki færni sína í þeim námsþáttum sem kenndir eru þannig að þeir geti tekist á við nám við frum-greinadeild í háskóla eða farið inn í framhaldsskóla, þ.e. uppfylli viðmið á þrepi tvö.

Stökkpallur

Líkt og áður kom fram hefur gott samstarf myndast á milli MSS og ýmissa aðila í samfélaginu.

Námsleiðin Stökkpallur er ætluð ungu fólki sem þarf aðstoð við að komast aftur út í atvinnulífið eða mögulega í nám af einhverju tagi. Námsleiðin fór fram í 88 húsinu en Reykjanesbær hefur boðið MSS að vera með aðsetur þar fyrir Stökkpallinn. Það samstarf hefur haft jákvæð áhrif á þátttakendur sem og á starfsemi í 88 húsinu.

Námsleiðin er skipulögð þannig að tveir leiðbeinendur fylgja hópnum, farið er í vettvangsheimsóknir í fyrirtæki, unnið að ferilskrá, þátttakendur þjálfaðir til atvinnuþátttöku, unnið með markmiðassetningu og sjálfsskoðun. MSS skipulagði vinnustaðaheimsóknir í samstafi við starfsmannastjóra fyrirtækjanna og leiðtoga Stökkpallsins. Námsleiðin Stökkpallur var keyrð þrisvar sinnum á árinu.

Tvisvar fyrir íslensku- og pólskumælandi þátttakendur sem allir voru skjólstæðingar Vinnuálastofnunar og einu sinni í samstarfi við velferðarsvið Reykjanesbæjar. Frá velferðarsviðinu voru 27 skjólstæðingar boðaðir í námið. Námsleiðin var haldin í staðnámi.


Uppleið

Nám byggt á hugrænni atferlismeðferð (HAM). Markmiðið er að auka færni námsmanna til að takast á við hamlandi líðan með því að nýta sér aðferðir HAM í daglegu lífi og breyta þannig hugsunum, tilfinningum og hegðun og í kjölfarið viðhalda betri líðan.

Náminu er ætlað að ná til þeirra einstaklinga innan markhóps framhaldsfræðslunar sem síst afla sér menntunar og greiða leið þeirra til áframhaldandi náms og virkni með hvatningu og sjálfstyrkingu að leiðarljósi. Haldin voru tvö námskeið á árinu í staðnámi.

MSS býður uppá starfstengt nám sem getur veitt einstaklingum tækifæri til þess að efla sig í starfi, skipta um starfsvettvang eða kynnast störfum og starfsgeirum sem vekja áhuga þeirra.

Það hefur sýnt sig að þau verkfæri sem MSS hefur til þess að þjónusta markhópin og áralöng reynsla af skipulagi starfstengdra námsleiða virka afar vel. Þá er sá mikli sveigjanleiki sem starfsemin hefur að bjóða mikill kostur en þar vinnur saman námsframboðið sem MSS getur boðið og það hversu fljótt hefur verið hægt að bregðast við.



Heildarfjöldi þátttakenda í starfstengdum námskeiðum

Skrifstofuskóli I og II

Skrifstofuskóli I og Skrifstofuskóli II eru ætlaðir þeim sem starfa eða vilja starfa við skrifstofustörf. Námið veitir góðan undirbúning fyrir ýmiskonar störf, allt frá móttöku að störfum í bókhaldi. Markvisst hefur verið unnið að því að skapa góða samfellu á milli námsleiðanna með það að markmiði að þátttakendur fái enn betri grunn í þjónustu, bókhaldi og helstu þáttum skrifstofustarfa. Skrifstofuskóli I var keyrður bæði á vor- og haustönn en skrifstofuskóli II á haustönn, í staðnámi.

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám er tveggja anna nám og hentar sérstaklega vel fyrir þá sem ganga með viðskiptahugmynd í maganum og langar að láta drauminn um eigin rekstur rætast. Hagnýtt nám sem skilar beinni afurð í formi viðskiptaáætlunar og plani um markaðs- aðgerðir.

Leiðbeinendur voru hver öðrum betri en það voru fagmenn úr atvinnulífinu í hverju horni, sem hjálpuðu þátttakendum við stofnun fyrirtækis, kenndu upplýsingatækni, markmiðasetningu, samskipti, markaðssetningu út frá nýjum leiðum, sölutækni og margt annað sem snýr að rekstri fyrirtækja. Námsmenn hófu námið á haustönn og útskrifuðust á vorönn og settu upp sölusýningu, þar var margt spennandi að sjá. Námskeiðið var kennt í dreifinámi með reglulegum staðlotum.

Grunnnámskeið í fiskvinnslu

MSS starfar náið með ýmsum fyrirtækjum og hefur m.a. skipulagt Grunnnámskeið í fiskvinnslu í samstarfi við fiskvinnslufyrirtæki í áraraðir. Þá er tekið tillit til álagstíma í fyrirtækjunum og fyrirkomulag námskeiðanna aðlagð að þörfum fyrirtækjanna. Grunnnámskeið í fiskvinnslu voru kennd reglulega hjá MSS og eru þau ætluð þeim sem starfa að verkun og vinnslu sjávarafurða.

Markmið námsins er að efla faglega hæfni fiskvinnslufólks ásamt því að styrkja starfsfólk varðandi samskipti, sjálfstraust, líkamsbeitingu og fleira. Haldin voru tvö námskeið á árinu, öll í staðnámi.

Meðferð matvæla

Meðferð matvæla er námsleið ætluð þeim sem starfa við ýmiskonar matvælavinnslu hvort sem um er að ræða frumvinnslu eða fullvinnslu. Sú námsleið tekur mið af þeirri matvælavinnslu sem námskeiðið er haldið fyrir hverju sinni. Markmið námsins eru m.a. að námsmenn geti útskýrt mikilvægi og ábyrgð starfsmanna matvælaiðnaðar á lýðheilsu, geti útskýrt mikilvægi skipulags, eftirlits, aga og vandvirkni í matvælaiðnaði og þekki algenga gæðastaðla, gæðaferla og aðferðir til að skipuleggja innra eftirlit. Haldið var eitt námskeið fyrir pólskumælandi þátttakendur en allir þátttakendur voru skjólstæðingar Vinnumálastofnunar. Námskeiðið var haldið í staðnámi.

Ferðapjónusta 1

Færni í ferðapjónustu er námsleið ætluð þeim sem starfa eða hafa hug á að starfa við ferðapjónustu og vilja efla færni sína í að takast á við fjölbreytt úrlausnarefni í því starfi. Fyrsti hluti námsins getur hentað fyrir nýliða eða sumarstarfsfólk og hélt MSS sex slík námskeið á árinu.

Námskeiðin voru haldin fyrir íslensku- ensku- og pólskumælandi þátttakendur og voru öll námskeiðin haldin í staðnámi. Allir þátttakendur voru skjólstæðingar Vinnumálastofnunar.

Móttaka og miðlun

Markmið með náminu er að auka hæfni námsmanna við að taka á móti viðskiptavinum og að veita þjónustu og upplýsingar í samræmi við þjónustustefnu fyrirtækja. Í náminu er fjallað um samskipti og þjónustu, notkun fjölbreyttra aðferða við að miðla upplýsingum, svo sem gegnum samskiptamiðla og tölvupóst. Einnig er fjallað um orðspor fyrirtækja og traust viðskiptavina.

Náminu er ætlað að styrkja starfshæfni og sjálfstraust þátttakenda ásamt því að koma til móts við þarfir atvinnulífsins. Haldin voru sex námskeið fyrir íslensku-, ensku- og pólskumælandi þátttakendur og voru námskeiðin haldin í staðnámi. Allir þátttakendur voru skjólstæðingar Vinnumálastofnunar.

Fagnám fyrir starfsmenn leikskóla

Námið er ætlað þeim sem vinna á leikskólum en hafa ekki lokið formlegu framhaldsskólanámi og er námið fullnægjandi undirbúningur fyrir framhaldsnám í Leikskólabró framhaldsskólanna.

Tilgangur námsins er að auðvelda námsmönnum að takast á við verkefni sem þeim eru falin í starfi, efla sjálfstraust þeirra og lífsleikni og stuðla að jákvæðu viðhorfi til áframhaldandi náms. Haldið var eitt námskeið á árinu.



Námskeiðið var kennt í dreifinámi þar sem að reglulega voru haldnar staðlotur. Allir þátttakendur voru starfsmenn hjá stofnunum í Reykjanesbæ.

Grunnnám fyrir skólaliða

Námið er einkum ætlað þeim sem hafa umsjón með grunnskólabörnum í frímínútum, í útivist og á matmáls-tímum auk þess að ræsta skólahúsnæði og sinna skyldum verkefnum á því sviði. Námið getur einnig nýst þeim sem aðstoða kennara þegar þeir sinna nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð svo og þeim sem líta eftir börnum á leikskólum. Líta má á námið bæði sem starfnám ætlað til að efla þátttakendur í starfi en einnig sem góðan grunn að frekara námi í faginu, t.d. tveggja anna framhalds-skólanámi fyrir þá sem vilja starfa sem skólaliðar. Námskeiðið var kennt í dreifinámi þar sem að reglulega voru haldnar staðlotur. Allir þátttakendur voru starfsmenn hjá stofnunum í Reykjanesbæ.

Tæknilæsi og tölvufærni: vinnuumhverfi samtímans

Markmið með náminu er að auka tæknilæsi og tölvufærni námsmanna með það að leiðarljósi að efla hæfni einstaklinga í starfi.

Náminu er ætlað að ná til þeirra eins-taklinga innan markhóps framhaldsfræðslu sem líklegir eru til að sitja eftir á vinnumarkaði sökum tækniframfara og breytinga á störfum sem þær hafa í för með sér.

Áhersla er á að gera nemendur færari í að takast á við tækniframfarir og breytingar sem orðið hafa í atvinnulífinu með tilkomu nýrra tækni og tækja. Haldin voru tíu námskeið fyrir íslensku-, ensku- og pólskumælandi og voru námskeiðin í staðnámi. Allir þátttakendur voru skjólstæðingar Vinnumálastofnunar.

Smiðja – Kvikmyndasmiðja

Námið er ætlað þeim sem vilja kynnast fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu og fjölbreytt tjáningarform. Í kvikmyndasmiðjunni kynnast þátttakendur ferlinu í kvikmyndagerð, frá hugmyndavinnu að handritaskrifum, upptökum, klippingum og að lokum sýningu á fullbúinni stuttmynd. Það er mjög áhugavert að sjá afrakstur smiðjunnar í lokin og ljóst að vinna sem þessi hefur margvísleg áhrif á þátttakendahópinn.

Allir þátttakendur voru skjólstæðingar Vinnumála- stofnunar og var námskeiðið haldið í staðnámi.

Smiðja – Stafræn smiðja

Hagnýtt verklegt nám þar sem námsmenn kynnast grunn- þáttum efnisgerðar fyrir samfélagsmiðla og hlaðvarp auk þess sem farið var yfir uppsetningu á heimasíðu. Nemendur fengu kynningu á markaðsmálum og markaðs- greiningu, unnu verkefni í mynd og/eða hljóði undir hand- leiðslu fagfólks og tóku upp sinn eigin hlaðvarpsþátt. Haldin voru tvö námskeið og voru allir þátttakendur skjólstæðingar Vinnumálastofnunar. Námskeiðin voru haldin í staðnámi.

Smiðja – Leikskólasmiðja

Námið er ætlað þeim sem vilja vinna á leikskólum en hafa ekki næga leikni í íslensku. Skilyrði fyrir inngöngu er hreint sakavottorð frá heimalandi og grunnur í íslensku sem samsvarar námskeiðinu Íslenska 1.

Markmiðið er að efla þátttakendur í íslensku með áherslu á störf með börnum og auka hæfni þeirra til að takast á við starf með börnum. Haldnar voru ýmsar vinnustofur þar sem lögð er áhersla á verklegt nám. Allir þátttakendur fóru í starfsþjálfun á leikskóla. Allir þátttakendur voru skjólstæðingar Vinnumálastofnunar og var námskeiðið haldið í staðnámi.

Að lesa og skrifa

Námið er ætlað fólki af erlendum uppruna sem er ólæst eða illa læst á latneskt letur. Náminu er ætlað að auka hæfni námsmanna til að lesa og skrifa á íslensku og öðlast öryggi í framburði íslenskra hljóða.


Í náminu er lögð áhersla á að námsmenn læri grunn í lestrar- og skriftartækni, þekki og þjálfí íslensk máhljóð og framburð og efli tölvufærni sína, sem og sjálfstraust sitt. Allir þátttakendur voru skjólstæðingar Vinnumála- stofnunar og var námskeiðið haldið í staðnámi.

Fagnám í umönnun fatlaðra

Námið er ætlað þeim sem starfa eða vilja starfa við um- önnun fatlaðra en í því felst að vinna við þjónustu á heimilum og stofnunum fyrir fatlaða. Það getur einnig hentað þeim sem starfa í þjónustu við aldraða og sjúka og fyrir þá sem vinna með börnum og unglíngum í vanda. Breyttar áherslur í starfi kalla á aukna fagmennsku og markvissa starfsþróun þannig að starfsfólk geti veitt framsækna og metnaðarfulla þjónustu.

Markmið námsins er að auka færni og þekkingu náms- manna á aðstæðum og þörfum fatlaðs fólks til að efla lífsgæði þeirra og virkni. Í náminu er lögð áhersla á sjálfs- eflingu, lífsgæði og réttindi fatlaðs fólks með því að veita þeim viðeigandi þjónustu. Haldið var eitt námskeið á árinu. Námskeiðið var kennt í fjarnámi með reglulegum staðlotum.

Íslenska fyrir fólk af erlendum uppruna



Alls sóttu 569 nemendur almenn 60 kennslustunda íslenskunámskeið á árinu 2022.

Það var svipað hlutfall nemenda á vorönn og á haustönn. Að auki voru 59 nemendur sem luku 30 kennslustundanámi, bæði í hópkenndu og einkakennslu. Mikill áhugi var á íslenskunámi allt síðasta ár og voru námskeið frá janúar fram á mitt sumar og aftur hófust námskeið um miðjan ágúst og seinustu hópar útskrifuðust rétt fyrir jól.

Íslenskunámskeiðin eru kennd fyrir og eftir hádegi, seinnipartinn og á kvöldin, með því móti tekst að aðlaga nám og námskeið að þörfum þeirra sem sækja íslenskunámskeiðin. Margir mismunandi hópar eru í gangi hverju sinni og er mikil áhersla lögð á að mæta einstaklingunum þar sem þeir eru staddir.



Breytingar hafa verið á samsetningu nemendahópa og er sífellt að færast í aukana að kennslan fari fram á móðurmáli nemenda. Í kjölfarið hefur samsetning kennarahópsins breyst í tengslum við breytta samsetningu nemendahópsins. Kennslan fór fram í Reykjanesbæ og Grindavík.

Í boði eru íslenskunámskeið á stígunum 1-5 og er markmiðið að bjóða upp á fjölbreytt úrval námskeiða hverju sinni. Alls voru haldin 46 námskeið á árinu og komu 17 kennarar að kennslu þeirra.

Nemendur sem sóttu íslenskunámskeið hjá okkur komu á eigin vegum eða á vegum fyrirtækja á svæðinu, Vinnumálastofnunar, Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar, Virk og Samvinnu.



Íslenskunámskeið

60 kennslustundir

Íslenska 1	318 nemendur
Íslenska 2	155 nemendur
Íslenska 3	64 nemendur
Íslenska 4	32 nemendur

30 kennslustundir

Íslenska 1	36 nemendur
Íslenska 2	16 nemendur
Íslenska 3	8 nemendur

Fullorðinsfræðsla fatlaðs fólks

MSS er með samning við Fjölmennt um námskeiðahald fyrir fullorðið fatlað fólk á Suðurnesjum. Starfið er fjölbreytt og vel sótt.

Starfsemin var hefðbundin á árinu og átti sönghópurinn Gimsteinar sinn sess og voru haldin námskeið á hvorri önn fyrir sig. Einnig voru tvö listanámskeið, námskeið á vorönn þar sem páskagreinar og páskaegg voru skreytt ásamt því að búið var til súkkulaðiegg og annað námskeið á haustönn sem var með jólaþema og bjuggu þátttakendur til jólaskraut og föndruðu í anda jólanna.

Hugað var að heilsunni og var eitt líkamsræktarnámskeið haldið ætlað þeim sem vilja skella sér í ræktina og komast í form á sínum forsendum.


Einnig var í boði reiðnámskeið þar sem þátttakendur fengu að kynna hestamennsku, farið var yfir grunnatriði reiðmennsku, öryggisþætti, farið á bak og í reiðtúra.

Boðið var upp á rafíþróttanámskeið sem miðaði að því að spila skemmtilega tölvuleiki undir leiðsögn þjálfara frá Rafík.

Námskeiðið hentaði bæði byrjendum sem og þeim sem voru lengra komnir í tölvuleikjaspilun. Matreiðslunámskeið eru einnig sívinsæl og voru þrjú þannig í boði á árinu.

Gott samstarf hefur verið við Björgina, geðræktarmiðstöð Suðurnesja með námskeiðið Hugur og heilsa og var haldið eitt slíkt námskeið á árinu.

Alls voru haldin 11 námskeið í þessum flokki sem 71 þátttakendur sóttu.



Fyrirtækjasvið

Mikill uppgangur hefur verið á flestum stöðum í atvinnulífinu á Suðurnesjum að undanfögnu. Það hefur þó tekið fyrirtæki tíma að ná jafnvægi á nýjan leik eftir mikla niðursveiflu sem fylgdi heimsfaraldrinum og takmörkunum sökum Covid.

Flugstöðin er og hefur lengi verið stór viðskiptavinur MSS og á þessu ári fór ferðamönnum að fjölga mikið og jókst starfsmannafjöldi á flugvallarsvæðinu verulega frá því sem var á tímum Covid. Þar af leiðandi er mikill uppgangur í ferða-þjónustu á Suðurnesjum. Almennt virðist vera mikið að gera í fyrirtækjum og margir að keppa við að geta sinnt daglegum verkefnum.

Fyrirtækjasvið fann enn fyrir áhrifum af Covid út árið 2022 þar sem stjórnendur og starfsfólk fyrirtækja voru að ná utan um aðstæður og skapa jafnvægi.


Þegar líða fór á árið heimsótti starfsfólk fyrirtækjasviðs vinnustaði á nýjan leik og var gott að hitta stjórnendur og geta skoðað með þeim þarfir fyrir fræðslu og uppbyggingu starfsfólks.

Íslenska á vinnustað

Mikil aukning varð á árinu á íslenskukennslu á vinnustað og eru fyrirtækin í Flugstöð Leifs Eiríkssonar þar til fyrirmyndar. MSS hefur verið í samstarfi við fjögur fyrirtæki á flugvallarsvæðinu þar sem þau hafa öll boðið starfsmönnum sínum á íslenskunámskeið og stílað námið inn á þann tíma dags sem rólegra er í fluginu.

Fyrirtækjasvið og FA námsleiðir

Eitt stærsta verkefni fyrirtækjasviðs þetta árið var að styrkja atvinnuleitendur og aðstoða þá við að auka möguleika sína til vinnu með starfstengdum námsleiðum og voru fjölmargar námsleiðir í boði.



Heildarfjöldi þátttakenda í FA-námsleiðum.



Mikil umræða var í samfélaginu um skort á leikskólaplássi fyrir börn og var meðal annars sú ástæða nefnd að skortur væri á starfsfólki. Eftir fund með Guðmundi Péturssyni hjá Skólum efh. og Vinnumálastofnun var ákveðið að fara af stað með námsleið þar sem markhópurinn væri atvinnuleitendur af erlendu bergi brotnir með menntun og/eða reynslu af vinnu með börnum í heimalandi sínu. Það sem stóð í vegi fyrir því að þessi hópur fengi vinnu í sínu fagi var skortur á íslenskukunnáttu. MSS þróaði nám í Leikskólasmiðju ásamt starfstengdri íslensku og auglýsti Vinnumálastofnun á Suðurnesjum námið meðal sinna skjólstæðinga. Námsleiðin vakti mikinn áhuga og varð fullbókað í hana á sólarhring. Námið hófst í lok október og fóru allir þátttakendur einnig í starfsnám út í leikskólana í fjóra daga. Það var mikil áskorun að fá pláss í starfsnám fyrir 20 nemendur en það tókst og var allstaðar tekið vel á móti þeim.

Námið var hugsað sem brú út í atvinnulífið í þessu fagi og það tókst vel þar sem nokkrir þessara nema voru komnir með vinnu í desember 2022.

Reykjanesbær bauð starfsfólki sínu á námsleiðina Grunnám fyrir skólaliða. Námsleiðin var aðlöguð að þeim hópi sem námið sótti. Vonandi verður áframhald á því verkefni og fleiri sem sækja slíkar námsleiðir til að auka fagþekkingu sína og jafnvel að fá grunn til að halda áfram í námi.

Námskeiðahald fyrir fyrirtæki

MSS skipulagði námskeið fyrir nokkur fyrirtæki á árinu. Til dæmis stjórnendanámskeið, fjölmeningarnámskeið og fræðsludaga með fjölbreyttu efni.

Fjölmening auðgar

MSS hélt námskeiðið Fjölmening auðgar fyrir starfsfólk í stofnunum á Suðurnesjum. Námskeiðið var þróað út frá svipuðu námskeiði sem þrír starfsmenn sátu og bar heitið „Fjölbreytnin auðgar, samtal um góða þjónustu í samfélagi margbreytileikans“ haustið 2021. Teymi var myndað innan MSS sem kom að kennslu og þróun námskeiðsins.

Námskeiðið var unnið í samstarfi við Velferðarnet Suðurnesja og var haldið fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum, Vinnumálastofnun, lögregluna, Sýslumannsembættið og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Markmiðið með fræðslunni er að styrkja nærþjónustu við innflytjendur með því að efla faglegt, notendavænt og menningarnæmt viðmót starfsmanna stofnana. Auk þess er mikilvægt að efla víðsýni, skilning, meðvitund um fjölmeningu og hvetja alla einstaklinga til að líta í eigin barm og skoða sín gildi og viðhorf.

Á árinu voru haldin 38 námskeið fyrir 666 einstaklinga og annar eins fjöldi mun sitja námskeiðið fram að vori 2023. Námskeiðið verður áfram í boði á fyrirtækjasviði MSS fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Það voru 476 þátttakendur sem sóttu önnur námskeið sem haldin voru af fyrirtækjasviði fyrir fyrirtæki og stofnanir á árinu. Jafnframt voru 305 þátttakendur á starfstengdum FA námsleiðum sem tengdust beint starfsemi fyrirtækja. Alls voru þá 1447 þátttakandur á starfstengdum námskeiðum eða námsleiðum.

Heimsóknir í fyrirtæki

Starfsmenn fyrirtækjasviðs fara reglulega í heimsóknir á vinnustaði eða heyra í þeim rafrænt. Við höfum heimsótt fyrirtæki á Reykjanesi til að mynda tengsl og skoða með þeim hvernig við getum komið að því að skipuleggja fræðslu og stuðning þegar þarf.


Atvinnulífið er litað af þeim breytingum sem Covid olli í reksri þeirra og hafa fyrirtæki verið að vinna að því að bregðast enn á ný við nýjum aðstæðum.

Seinni hluta árs var mikill uppgangur og þurftu fyrirtækin að bregðast við með auknum mannaáðningum og meiri umsvifum. Við erum ánægð með hversu mikið fyrirtækin leita til okkar hvort sem er á uppgangstímum eða þegar skóinn kreppir að og leggjum við okkur fram við að veita framúr-skarandi þjónustu. Nú skiptir máli að halda áfram því öflugra starfi sem hefur verið undanfarin ár og bæta í til að geta sinnt þörfum atvinnulífsins.


Náms- og starfsráðgjöf

Hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum starfa tveir náms- og starfsráðgjafar í 100% starfshlutfalli. Mikil áhersla er lögð á sýnileika og aðgengi.

Árið 2022 voru tekin 923 náms- og starfsráðgjafarviðtöl og fjölgaði þeim um 192 viðtöl frá árinu á undan. Kynin skiptust þannig að 359 karlar sóttu ráðgjöf á móti 564 konum. Ef skoðaður er aldur þeirra sem sóttu ráðgjöf hjá MSS þá er sá yngsti 18 ára en sá elsti 66 ára. Meðalaldur var 35,6 ár og er það örlítið hærra en árið á undan, þar sem meðalaldur var 31,3 ár. Gríðarleg aukning var í ferilskrágerð milli ára sem og upplýsingum um nám eða námstilboð. Ástæða viðtals hjá 366 einstaklingum var til að fá aðstoð við starfsleit/ ferilskrágerð sem er aukning um 199 einstaklinga frá árinu á undan, 72 komu til að vinna með trú á eigin getu, 23 í áhugasviðsgreiningu, 34 til að fá aðstoð við námstækni/vinnubrögð og 23 einstaklingar vegna persónulegra mála sem er mikil fækkun frá árinu á undan.



Heildarfjöldi þátttakenda eftir kyni ■ Konur ■ Karlar



■ Aðstoð við starfsleit/ferilskrá ■ Sjálfstyrking ■ Áhugasviðsgreining ■ námstækni/vinnubrögð ■ Persónuleg málefni ■ Raunfærnimat ■ Aðriðr sérfræðingar ■ nám/námstilboð ■ Annað

Mögulega ástæðu þessarar fækkunar má eflaust rekja til batnandi ástands í samfélaginu frá því sem var þegar Covid-19 stóð sem hæst. 88 viðtöl voru tekin vegna raunfærnimats og/eða upplýsinga um raunfærnimat, 12 var vísað til annarra sérfræðinga og 261 komu til að fá upplýsingar um nám eða námstilboð sem er einnig áberandi aukning frá árinu á undan. Restin kom vegna ýmissa annarra úrræða eða blöndu að ofangreindu.

Ráðgjöf til þjónustuþega


Viðtölin skiptast í einstaklingsviðtöl, hópráðgjöf og hvatningarviðtöl. Hvatningarviðtöl eru þau viðtöl sem eru tekin af öðrum en náms- og starfsráðgjafa en falla undir sama efni.

Viðtölin skiptust þannig að 287 einstaklingar komu í hópráðgjöf, 522 í einstaklingsviðtal og 114 í hvatningarviðtal. Mikil aukning var á hópráðgjöf sem og hvatningarviðtölum.

Aukning í hópráðgjöf skýrist að hluta til vegna þess að starfsleitarstofur fyrir Vinnumálastofnun fóru aftur í gang eftir að hafa legið niðri vegna Covid.

Ef skoðað er ríkisfang þeirra sem þáðu ráðgjöf eru 537 með íslenskt ríkisfang. Stærsti hluti erlendra ráðþega var með pólskt ríkisfang en þeir töldu 200 og þar á eftir koma ráðþegar frá Venezuela, aðrir dreifast á önnur ríkisföng. Áhersla er lögð á að kynna ráðgjöfina vel í öllum námsleiðum, þannig ná náms- og starfsráðgjafar til allra þeirra hópa sem stunda nám innan MSS.

Áhersla er lögð á sýnileika, þjónustulund og lausnamiðaða hugsun. Náms- og starfsráðgjafar sinna öllum þeim sem leita til miðstöðvarinnar, um 7,9% ráðþega töldust utan markhóps, það eru þeir sem hafa lokið framhaldsskóla-prófi.



Við teljum að kjarni náms- og starfsráðgjafar sé að vera til staðar fyrir þá einstaklinga sem til okkar leita, fara til þeirra sem koma ekki sjálfir og leggjum mikila áherslu á að mynda tengsl við nemendur.

Þannig er fólk líklegra til að nýta ráðgjöfina og þau verkfæri sem náms- og starfsráðgjafar bjóða uppá.

Samvinna allra deilda og þverfagleg aðstoð er öflug innan MSS og sterkt vopn til að sporna gegn brotthvarfi nemenda. Náms- og starfsráðgjafar vinna með öðru starfsfólki MSS að því að halda utan um nemendur með sameiginlegum teymisfundum.

Náms- og starfsráðgjafar voru með starfstengda fræðslu fyrir Samvinnu starfsendurhæfingu ásamt námskeiði um trú á eigin getu.

Samstarf

Ráðgjafar MSS leggja mikla áherslu á samstarf við stoðþjónustur á svæðinu. Eins og undanfarin ár er mikil og góð samvinna við Vinnumálastofnun, Samvinnu starfsendurhæfingu, VIRK og félagsþjónustuna. Þá er einnig boðið upp á heimsóknir til fyrirtækja þar sem þeim stendur til boða færnigreining og starfsþróunarsamtöl fyrir starfsmenn. Ávallt er lögð áhersla á að hlusta eftir þörfum samfélagsins sem og þeirra sem sækja þjónustu í miðstöðina.

Náms- og starfsráðgjafar unnu sameiginlega að námsleiðum og verkefnum. Ráðgjafar héldu vel utan um hópana og settu sig í samband við nemendur til að athuga námsframvindu. Eins og fram hefur komið vinna náms- og starfsráðgjafar þvert á deildir með teyimum þar sem verkefnastjórar, kennarar og ráðgjafar lögðust allir á eitt við að hlusta eftir þörfum ráðþega. Þessi leið hefur gefist vel og því var áframhaldandi áhersla á samvinnu þessara starfsmanna með reglulegum fundum.



Raunfærnimat og fyrirtækjapjónusta

Raunfærnimatsverkefnin voru þrjú á árinu, í almennri starfshæfni, leikskólaliða og stuðningsfulltrúa.

Átta manns kláruðu almenna starfshæfni, fjórtán kláruðu leikskólaliða og einn lauk raunfærnimati í stuðningsfulltrúa. Ráðgjafar heimsóttu leikskóla og fyrirtæki á svæðinu til að kynna það raunfærnimat sem er í boði hjá MSS. Matsaðilar komu frá Borgarholtsskóla og fengu þátttakendur um 975 framhaldsskólalæiningar metnar í leikskólaliða og þátttakandinn í stuðningfulltrúamatinu fékk 75 einingar.

Fyrirtækjasvið fór aftur af stað eftir Covid hlé og tóku náms- og starfsráðgjafar ásamt verkefnastjóra á fyrirtækjasviði viðtöl við starfsmenn Bláa lónsins, Airport Associates og Lagardiere. Gerð var fræðsluáætlun í kjölfarið í samstarfi við MSS um íslenskukennslu, kynntar voru námsleiðir og stofnunin kynnt.

Í kjölfarið höfðu nokkrir samband við náms- og starfsráðgjafa til að fá upplýsingar vegna mats á námi sem og aðrar upplýsingar varðandi nám og námsleiðir.

Lokaorð

Áskoranir síðasta árs fólust í því að fyrri hluti ársins fór hægt af stað, því lá mikil vinna á ráðgjöfum á haustmánuðum.

Í dag sjáum við mikla breytingu á ráðþegahópnum þar sem um 80% einstaklinga er af erlendu bergi brotinn. Í því liggja áskoranir, viðtöl þurfa að fara fram á ensku, oft á tíðum þarf túlk til að túlka yfir á móðurmál ráðþega og margir hverjir hafa engan sem getur túlkað fyrir þá. Einstaklingar sem sækja ráðgjöfina hafa stundum hvorki vinnu- né skólasögu.

Áskoranir þessara einstaklinga liggja í því að þeir hafa hvorki tengslanet né þekkja til vinnumarkaðarins á svæðinu. Það reynist þeim erfitt að átta sig á hvernig skal sækja um starf og undirbúa sig undir atvinnuviðtal.

Samvinna

Starfsendurhæfing

Hugmyndafræði Samvinnu gengur út á að vinna að heildstæðri úrlausn á hindrunum þátttakenda á einstaklingsmiðaðan hátt. Þátttakandi er sjálfur virkur í sinni endurhæfingu frá upphafi þar sem hann kemur með virkum hætti að gerð sinnar endurhæfingaráætlunar.

Endurhæfingin fer að mestum hluta fram í hópi, t.d. með námskeiðum, fræðslu, hópefli og líkamsþjálfun en á einstaklingsmiðaðan hátt þar sem tekið er mið af þörfum hvers og eins. Einnig fer endurhæfingin fram einstaklingslega með viðtölum eða þjálfun hjá fagaðilum, stuðningi í starfi og vinnuprufu. Unnið er að því að bæta líkamlega, andlega og félagslega stöðu einstaklinga með það að markmiði að þeir verði tilbúnari í starf á almennum vinnumarkaði eða í áframhaldandi nám.

Áhersla er lögð á að efla og virkja hvern þátttakanda með það að markmiði að hann öðlist trú á sjálfan sig og eigin getu.

Þátttakendur fá stuðning við að taka á hindrunum sínum og efla styrkleika sína, ásamt þjálfun í að setja sér raunhæf markmið.


Þegar meðaltal er tekið saman fyrir árið eru 52 þátttakendur í hverjum mánuði sem nýttu sér þjónustu Samvinnu en árið 2021 var meðaltalið 62 en fjöldi þátttakenda lækkaði frá árinu áður.

Atvinnuástandið er gott og fengu flestir vinnu sem voru tilbúnir á vinnumarkað eftir endurhæfingu hjá Samvinnu starfsendurhæfingu.



Áhrif Covid-19 voru lítil á starfsemi Samvinnu og þátttakendur þetta árið og allt færðist að fyrra horfi. Hér má sjá skiptinu á milli mánaða. á árinu 2022.

Samstarf við ráðgjafa og sérfræðinga VIRK var gott eins og undanfarin ár en mestu samskiptin voru við ráðgjafa VIRK á höfuðborgarsvæðinu vegna skipulagsbreytinga hjá VIRK.



Fjöldi þátttakanda í Samvinnu

Endurhæfingarleiðir – innihald

Boðið er upp á mismunandi þjónustuleiðir í Samvinnu og fá allir þátttakendur sinn ráðgjafa úr hópi starfsmanna sem heldur utan um þeirra mál og er tengiliður þeirra í endurhæfingunni. Samvinna er í samstarfi við fagfólk úr öðrum þjónustukerfum sem veita þátttakendum aðstoð og stuðning í endurhæfingunni.

Meðal fagfólks og stofnana sem koma að starfinu má nefna félagsráðgjafa, iðjuþjálfara, þroskaþjálfara, náms- og starfsráðgjafa, markþjálfara, fíknifræðing, fjölskyldu-meðferðarfræðinga, næringarráðgjafa, fjármálaráðgjafa, íþróttifræðing, sálfræðinga, sjúkraþjálfara, mennta-stofnanir og námskeiðshaldara.

Samstarf við atvinnurekendur er gott og fengu þátttakendur sem voru tilbúnir tækifæri til að reyna á sig á vinnumarkaði með vinnuþröfn.

Samvinna starfsendurhæfing er með þjónustusamning við VIRK starfsendurhæfingarsjóð sem er eini starfsendurhæfingarsjóðurinn á landinu og gilda þar lög nr. 60/2012.

Til þess að eiga rétt á þjónustu VIRK starfsendurhæfingarsjóðs þarf fólk að vera með heilsuþrest sem staðfestur er af lækni og hafa tilvísun frá lækni.

Hjá Samvinnu eru í boði tvær heildstæðar leiðir í starfsendurhæfingu ásamt eftirfylgd.

Mat á stöðu og starfsendurhæfingarmöguleikum

Um er að ræða endurhæfingu í tvo mánuði eftir markmiðum hverju sinni. Þessi leið er nýtt til að meta raunhæfi þess að hefja markvissa starfsendurhæfingu. Þátttaka einstaklings telst meðal annars fullnægjandi ef honum tekst að mæta og taka þátt í þjónustu sem nemur 12-15 tímum á viku.

Einstaklingsmiðuð þverfagleg starfsendurhæfing


Á þessari leið er unnið heildstætt með vanda einstaklings með það að markmiði að einstaklingur fari aftur út á vinnumarkað eða í áframhaldandi nám.

Gerð er krafa um virkni í 15-20 tíma á viku í bæði hóp-úrræðum og einstaklingsmiðaðri þjónustu.

Eftirfylgd


Eftirfylgd er fyrir þátttakendur sem hafa lokið endurhæfingu og þurfa á stuðningi að halda í námi eða í vinnu.

Hér má sjá hvernig þátttakendur skiptast á endurhæfingarleiðirnar.



Fjöldi þátttakanda út frá endurhæfingarleiðum


■ Einstaklingsmiðuð endurhæfing ■ Mat á stöðu einstaklings ■ Eftirfylgd



Eins og undanfarin ár voru konur í meirihluta í Samvinnu en sama hlutfall var á árinu á undan milli karla og kvenna. Hlutfall kynsegin var 4% af heildarfjölda þátttakenda árið 2022.

Aldursdreifing á þátttakendum í Samvinnu er breið, yngstu þátttakendurnir voru 19 ára og sá elsti 58 ára. Það voru 109 einstaklingar sem nýttu sér þjónustu Samvinnu á árinu sem er fækkun um 6 einstaklinga frá fyrra ári.

Eins og undanfarin ár eru ungir einstaklingar í meirihluta og má benda á að 14 einstaklingar eru fæddir árið 1997.



Endurhæfingin sérsniðin að einstaklingnum

Endurhæfing hjá Samvinnu er sérsniðin að þörfum hvers og eins. Ávallt er boðið upp á námskeið sem er eingöngu fyrir þátttakendur í Samvinnu og eru skipulögð í 6 - 8 vikur í senn. Að venju var dagskráin fjölbreytt og megináhersla á heilsutengda þætti og námskeið sem styðja einstaklinga til þátttöku í atvinnulífinu. Að venju gafst þátttakendum tækifæri á að setja upp sína eigin stundatöflu út frá sínum styrkleikum og hindrunum. Ráðgjafar Samvinnu leggja mikinn metnað í að sinna þátttakendum vel með það að markmiði að mæta þörfum hvers og eins. Mikil nýbreytni er í starfinu og fá þátttakendur tækifæri til þess að taka þátt í mótun dagskrárinnar.

Námskeið um níu bjargráð frá Bjargráðakerfinu BJÖRG er nýjung hjá Samvinnu. Bjargráðakerfið BJÖRG byggist á aðferðarfræði díalektískrar atferlismeðferðar (DAM) og farið er yfir fjóra kjarnaþætti DAM með bjargráðunum níu:

Núvitund, aukin tilfinningastjórn, aukið þol gagnvart erfiðum tilfinningum og samskiptafærni. Höfundur efnis er félagsráðgjafinn Dr. Julie F. Brown. Leiðbeinendur á námskeiðinu eru tveir ráðgjafar Samvinnu. Námskeið í hugrænni atferlismeðferð sem nefndist Uppleið var áfram á dagskrá. Lagasmiðjan var á sínum stað í samstarfi við Tónlistarskóla Sandgerðis og Garðs. Önnur námskeið sem áfram voru á dagskrá voru Núvitund í daglegu lífi, Erfið samskipti – uppbyggileg samskipti, Markþjálfun, Heilsu- og starfstengdfræðsla, fjármála-námskeiðið Leiðin til velgegni og sjálfstyrkingarnámskeiðið Draumar og drekar, einnig vinnustofur ásamt hreyfingu svo eitthvað sé nefnt.

Stór liður í endurhæfingunni er að fá tækifæri til að prufa sig á almennum vinnumarkaði og er Samvinna í samstarfi við fjölmargar stofnanir og fyrirtæki á svæðinu.

Svipaður fjöldi og árið 2021 nýtti sér vinnuþröfn á almennum vinnumarkaði og hafa fjölmörg fyrirtæki haft samband við okkur í Samvinnu af fyrra bragði og óskað eftir samstarfi. Svipaður fjöldi sótti nám sem hluta af endurhæfingu sinni og árið áður og voru leiðirnar mjög fjölbreyttar eins og sjá má í töflunni á næstu síðu.


Ráðgjafar Samvinnu starfa einnig sem atvinnulífstenglar og hefur samstarf við fyrirtæki og stofnanir gengið vel og viðtökur góðar. Atvinnulífstenglar gegna lykilhlutverki í starfsendurhæfingunni þegar kemur að því að stíga út á vinnumarkaðinn á farsælan hátt. Það voru 26 fyrirtæki sem buðu þátttakendum Samvinnu vinnuþröfn, sum þeirra tóku á mót fleirum en einum. Það bætast ný fyrirtæki í hópinn á hverju ári.

Menntastofnun – MSS	Fjöldi
<i>Grunnmennt</i>	11
<i>HAM – Uppléið</i>	27
<i>Íslenska, erlendir þátttakendur</i>	6
<i>Íslensk menning og samfélag</i>	1
<i>Menntastoðir</i>	16
<i>Sölu- og markaðsnám</i>	7
<i>Skrifstofuskóli 1</i>	4
<i>Raunfærnimat</i>	8
<i>Virgni og vellíðan</i>	1
Samtals	81

Nám og starf utan Samvinnu	Fjöldi
<i>FÁ</i>	1
<i>FS</i>	3
<i>Háskóli Bifröst</i>	1
<i>Háskóli Íslands</i>	1
<i>Keilir</i>	7
<i>ME</i>	2
<i>NTV</i>	1
<i>Stuðningur í starfi</i>	7
<i>Vinnuprufa á almennum vinnumarkaði</i>	29
Samtals	52

Um var að ræða 29 einstaklinga í heildina og einhverjir prófuðu fleiri en einn stað.

Eftirfarandi fyrirtæki voru í samstarfi við Samvinnu varðandi vinnuprufur árið 2022:
Lager Pennans, grunnskólarnir Holtaskóli og Háaleitis-skóli, sumarnámskeið Reykjanesbæjar, 88 húsið, leikskólarnir Völlur, Hjallatún, Tjarnarsel og Sólborg, Hrafnista á Nesvöllum og Hlévangi, Kapalvæðing, Kökulist, Skyndi.is, Níkópots, bókasafn Reykjanesbæjar, Marel, Marriot hótél, heimili fyrir fatlað fólk á Suðurgötu, Bláa lónið, Soho, Trésmíðaverkstæði Stefáns og Ara, Þvottahöllin, Benchmark Genetics, Útfaraþjónusta Suðurnesja, Alex bílaleigan og MSS. Kunnum við þessum fyrirtækjum bestu þakkir fyrir gott samstarf.



Framfærsla þátttakanda við útskrift 2022

■ Laun ■ Örorkulífeyrir ■ Endurhæfingarlíf. ■ Atvinnuleysisb. ■ Fjárhagsaðstoð Sveitarf. ■ Annað


Framfærsla

Tekið var saman hver framfærsla og virkni þátttakenda var við útskrift frá Samvinnu árið 2022 og má sjá yfirlit yfir það á næstu tveimur myndum.

Alls voru 25% með laun á almennum vinnumarkaði sem er fækkun frá árinu áður. Það sem flokkast undir annað eru þeir þátttakendur sem ekki voru með neinar tekjur við útskrift, til dæmis þeir sem fengu fæðingarstyrkur höfðu engar tekjur eða ekki vitað.

Þátttakendur sem fengu örorkulífeyri voru 7% og endurhæfingarlífeyri frá TR 35%. Þeir sem fengu fjárhagsaðstoð sveitarfélaga voru 3%, enginn var á námslánum og 13% voru á atvinnuleysisbótum.





42% þátttakenda voru í launuðu starfi, atvinnuleit eða námi og er það fækkun frá fyrra ári en þá voru það 55% þátttakenda og er skýringin sú að færri fóru í nám árið 2022 eða 5% en árið 2021 fóru 17% þátttakenda í nám. 36% þátttakenda var vísað í önnur endurhæfingarúrræði í félags- og heilbrigðiskerfinu og er það fjölgun frá árinu 2021 en þá voru það 20% þátttakenda.

Þau sem hættu í þjónustu hjá Samvinnu en voru áfram í endurhæfingu og ráðgjafar VIRK héldu utan um voru 5% sem er svipað og árið 2021. 16% af þátttakendum voru flokkaðir í annað sem getur verið fæðingarorlof, heimavinnandi eða engin skipulögð virkni.



Virgni þátttakanda við útskrift 2022

■ Launað starf ■ Endurhæfing ■ Nám ■ Atvinnuleit ■ Vísað í félags- og heilbrigðiskerfi ■ Annað

Samantekt

Það voru 109 einstaklingar sem nýttu sér þjónustu Samvinnu árið 2022 en 115 árið 2021. Starfsemi Samvinnu var með hefðbundnum hætti og gladdi það starfsmenn og þátttakendur að áhrif covid-19 fjöruðu út. 62 einstaklingar útskrifuðust frá Samvinnu og var helmingur þátttakenda í þjónustu tólf mánuði eða lengur. 61% þeirra sem voru 12 mánuði eða lengur fóru í vinnu, atvinnuleit eða nám en 21% þeirra sem voru 11 mánuði eða styttra. Því lengur sem þátttakendur voru í endurhæfingu því betur gekk þátttakendum að ná markmiðum sínum.

Samstarf ráðgjafa Samvinnu við ráðgjafa VIRK breyttist mikið á árinu 2022.

Ákveðið var að færa mál einstaklingana í Samvinnu til ráðgjafa á höfuðborgarsvæðinu þannig að fjarlægðin varð meiri. Samstarf ráðgjafa Samvinnu og VIRK breyttist og fór að mestu fram í gegnum þjónustukerfi VIRK, símtöl, tölvupósta og fjarfundi.

Ráðgjafar Samvinnu sátu rýni með sérfræðingum og ráðgjöfum VIRK þar sem skoðuð er framvinda hvers einstaklings og gerð áætlun um næstu skref. Nokkrir fundir voru haldnir með sérfræðingum VIRK vegna þess að fækkun var á fjölda þátttakenda hjá Samvinnu og reynt að leita svara við því.

Ráðgjafar Samvinnu hafa verið í góðu samstarfi við starfsfólk geðheilsuteymis HSS, starfsfólk Bjargarinnar – athvarf og endurhæfing fyrir fólk með geðheilsuvanda, ásamt því að samstarf við starfsfólk félagsþjónustu sveitarfélaganna á svæðinu var mjög gott.

Á árinu 2022 ákvað forstöðumaður MSS ásamt ráðgjöfum Samvinnu að fá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands til að vinna rannsókn á árangri starfsendurhæfingar. Ráðgjafar unnu að því að finna upplýsingar um alla þá sem höfðu komið í þjónustu hjá Samvinnu frá upphafi og til loka árs 2021 fyrir Félagsvísindastofnun.

Erlend verkefni

Erasmus+ Creative and Design Thinking MOOC – CDTMOOC

Verkefnið **CDTMOOC** er unnið í samstarfi við stofnanir frá Ítalíu, Finnlandi, Frakklandi og Lúxemborg og hófst árið 2019. Þetta er samstarf háskóla, hönnunarmiðstöðvar, leikjaframleiðanda og fullorðinsfræðslu. Þessi fjölbreytni þátttakenda býður upp á þverfaglega nálgun á verkefnið sem er mikill styrkur.

CDTMOOC er gagnvirkur vefur sem býður upp á ný verkfæri sem aðstoða fólk við að þróa sig áfram sem frumkvöðla eða finna hvort nýsköpun og frumkvöðlun sé eitthvað sem vekur áhuga. Einn hluti verkefnisins var þróun hugmyndafræði þar sem Lego kubbar eru notaðir í markvissum tilgangi til að efla skapandi hugsun og einnig var mikil vinna lögð í að leikjavæða (e. gamifications) námsefni með tölvuleik sem er hannaður fyrir alla hvort sem það eru nemendur, starfsfólk fyrirtækja eða fólk í

leit að atvinnutækifærum sem vill máta sig í nýsköpun og frumkvöðlun. Safnað var saman dæmum um góða starfshætti í nýsköpun sem eru til fyrirmyndar í þeim löndum sem taka þátt í verkefninu og síðan voru bestu starfshættirnir valdir til að vinna út frá.

Verkefnið Nám fyrir frumkvöðla (**CDTMOOC**) er nú fullklárað og aðgengilegt á heimasíðunni cdtmooc.eu í formi námsleikjar. Námskeiðið er öllum opið.

Afurðir verkefnisins svo sem handbækur og skýrslur til stuðnings menntunar og frumkvöðlastarfsemi á Íslandi má einnig sjá á heimasíðunni.

Lokaskýrsla og skil voru í september 2022 og er hún samþykkt af matsnefnd Erasmus+.



Erasmus+ - Cyber Clever

Erasmus verkefnið Cyber Clever hefur það að markmiði að hanna, innleiða og meta þjálfunarpakka fyrir kennara í starfsfræðslu og fullorðna námsmenn þar sem ætlunin er að auka vitund um upplýsingaöryggi.

Hugmyndin er innblásin af GenCyber námskeiðunum frá Bandaríkjunum. Búið var til námskeið í tölvuöryggi og inniheldur námskeiðið eftirfarandi þætti:

1. Persónuvernd (Privacy)
2. Upplýsingaöryggi (Cyber-security)
3. Samfélagsmiðlar og hreint umhverfi á Internetinu (Social media and Internet hygiene)
4. Stafræn áhætta og varnir (Digital vulnerability)
5. Aðferðir til hökkunar og lykilorð (Hacking methods and password security)

Í janúar var fundað í Istanbúl, Tyrklandi þar sem farið var yfir verkefnið og þær kynningar sem höfðu verið búnar til. Í apríl var haldin ráðstefna um upplýsingaöryggi í Eistlandi þar sem MSS átti fjóra fulltrúa og þar að auki var farið yfir verkefnið og næstu skref.

Fundað var í Stavanger, Noregi í júní 2022 þar sem farið var yfir námsþætti námskeiðsins.

Síðasti fundur verkefnisins var haldinn í september en samstarfshópurinn fundaði í Vín, Austurríki. Afrakstur verkefnisins var kynntur fyrir Mími símenntun, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fræðsluneti Suðurlands í desember. Auk þess var allt námsefni þýtt yfir á íslensku fyrir árslok. Hægt er að nálgast upplýsingar um verkefnið á vefsíðunni cyberclever.eu/partners. Verkefninu lauk á árinu.

Erasmus+ - Echoo Play

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum tekur þátt í verkefni með samstarfsfélögum frá Finnlandi, Ítalíu og Frakklandi. MSS stýrir verkefninu. Verkefnið miðar að því að nota fjölbreyttar rannsóknaraðferðir til að skoða nýjar leiðir við að styðja fólk í námi/vinnu og efla hæfni þeirra til að finna þann starfsferil eða nám sem hentar best.

Einnig er stefnt að því að þau tæki/verkfæri sem verða afurð verkefnisins henti fyrirtækjum til að skoða starfs- og endurmenntun með starfsmönnum.

Hugtakið ráðningarhæfni er rauði þráðurinn í verkefninu og miðar verkefnið að því að fyrirtæki og einstaklingar geti greint þarfir sínar og óskir á móts við þarfir vinnumarkaðarins.

Það er gert með því að rannsaka góð dæmi um starfsaðferðir í öllum þáttökulöndunum og velja bestu dæmin úr þeim. Einnig var framkvæmd rannsókn þar sem rýni-hópar sem samanstanda af kennurum, nemendum, stjórnendum og starfsmönnum fyrirtækja tóku þátt og niðurstöðurnar voru greindar út frá efninu. Jafnframt voru leitaðar uppi góðar fyrirmyndir/tilfelli þar sem þessir góðu starfshættir eru að virka vel.

Stuðst var við aðferðir leikjavæðingar við hönnun borðspils sem eflir þátttakendur og einnig voru leiðbeinendur þjálfaðir til að nota Lego kubba eftir ákveðinni hugmyndafræði í sama tilgangi. Leikirnir eru byggðir á rannsóknum verkefnisins og reynslu sérfræðinga þess.

Nánari upplýsingar ásamt skýrslu og niðurstöðum rannsóknar um ráðningarhæfni er að finna á echooplay.eu. Skýrslur og rannsóknir eru á ensku og á tungumáli hvers þáttökulands.

Haldnir voru tveir fundir á árinu. Sá fyrsti var haldinn í Macon í Frakklandi og sá næsti í Potenza á Ítalíu.

Námskeið var haldið á Íslandi í júní þar sem starfsmenn stofnanna komu og lærðu um aðferðir leikjafræði og hvernig ætti að nota Lego kubba til að virkja einstaklinga til að hugsa um sinn starfsferil og sín markmið. Verkefnið hófst í desember 2020 og því mun ljúka árið 2023.

Erasmus+ - Concept note

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum tekur þátt í verkefninu með samstarfsfélögum frá Ítalíu, Þýskalandi, Rúmeníu og Spáni.

Verkefnið miðar að því að skoða þarfir innflytjenda með litla eða enga tungumálakunnáttu fyrir utan móðurmál sitt, varðandi starfsþjálfun og eflingu.

Fundin voru dæmi um góðar starfsaðferðir í hverju landi fyrir sig og bestu aðferðirnar valdar úr.

Jafnframt voru myndaðir rýnihópar og niðurstöður þeirra greindar til að fá fram fræðilega þekkingu til að byggja starfsfræðsluna á.

Þátttakendur hafa unnið að gerð myndbanda sem gætu nýst í mögulegri starfsþjálfun markhópsins.

MSS tók að sér að gera myndbönd um ýmis störf tengd ræstingum og eru þau myndbönd tilbúin.

Starfsmenn Hótel Keflavíkur voru mjög styðjandi í þessu verkefni og erum við þakklát fyrir það og sérstaklega fær starfsfólk í ræstingum okkar bestu þakkir.

Hin þáttökulöndin eru að gera myndbönd um garðyrkju, handverk, aðstoð í eldhúsi og aðstoð við vélavinnu.

Einnig eru tilbúin myndbönd og leiðbeiningar um samstarf á vinnustað og náms- og starfseflingu.

Kennslumyndböndin voru öll textuð og leiðarvísir útbúinn fyrir hvert þeirra. Textarnir eru á þýsku, rúmönsku, ítölsku og íslensku.

Haldnir voru tveir fundir á árinu. Sá fyrri var á Ísland og sá seinni í Magdeburg, Þýskalandi.

Frekari upplýsingar um verkefnið og afurðir þess má finna á heimasíðu þess ip4j.eu eða fésbókarsíðu facebook.com/ip4j.eu.

Verkefnið hófst árið 2020 og mun ljúka árið 2023.

Erasmus+ On the MIC

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum tekur þátt í verkefninu í samstarfi við stofnanir í Finnlandi, Þýskalandi, Belgíu og Grikklandi.

Meginmarkmið verkefnisins er að þróa kerfi/verkfæri til að koma auga á færni/þekkingu sem einstaklingurinn hefur öðlast í gegnum lífið. Ætlunin er að þróa verkfæri sem er sérstaklega miðað við fullorðna nemendur í viðkvæmri stöðu. Þá eiga ráðgjafar og aðrir sem vinna með hópana einnig að geta nýtt verkfærið.

Fjöldi fólks stendur frammi fyrir miklum áskorunum við að fá aðgang að menntun eða atvinnu við hæfi, til að mynda innflytjendur sem og einstaklingar sem glíma við einhverskonar fatlanir. Þau kunna að hafa nauðsynlega færni og hæfni til að sinna starfinu en þau skortir viðurkenningu á sinni færni.

Með því að koma auga á færni einstaklinga er hægt að aðstoða viðkomandi við að sækja sér fræðslu, sem passar við þekkingu og færni og stuðla þar með að framþróun einstaklingsins.

Verkefnið snýr að því að þróa vef þar sem einstaklingar geta tekið könnun þar sem spurt er út í þætti sem við myndum kalla almenna starfshæfni.

Í framhaldi mun vera hægt að fá samantekt á færninni, smá yfirlit um hvar einstaklingurinn stendur miðað við ákveðinn skala og ábendingar um hver næstu skref geta verið.

Tveir starfsmenn fóru til Finnlands í maí 2022 á fyrsta fund verkefnisins, þar sem farið var í skipulagningu á næstu skrefum og hvernig skyldi setja verkefnið upp og þróun spurningarlista.

Í lok september fóru svo tveir starfsmenn til Belgíu, á fund þar sem megin áhersla var lögð á hönnun spurningalistans og færnimöppunnar ásamt skipulagningu á framhaldinu. Frekari upplýsingar um verkefnið er að finna á [heimsíðu verkefnisins](#).

Verkefnið hófst í nóvember 2021 og mun ljúka í október 2023.

Fuga Mundi EEA

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum tekur þátt í verkefni með samstarfsfélögum í Póllandi og Noregi. Pólland stýrir verkefninu.

Fyrri hlutinn miðar að því að miðla reynslu af því að vinna með fólki sem hefur ýmsar hindranir tengdar því að hefja störf á vinnumarkaði. Þrír leiðbeinendur frá Íslandi og einn frá Noregi fóru til Póllands og miðluðu af reynslu sinni. Leiðbeinendurnir unnu saman að hönnun námskeiðsins og var ákveðið að hafa sem minnst af fyrirlestrum og mest af verkefnum og samræðum.

Á námskeiðinu var farið yfir menningarlegan og félagslegan mun þjóðanna, staðalímyndir og fordóma, fræðslu-aðferðir, fyrri reynslu um málaflokkinn, fjarkennslu, þjálfun með MS Teams, félagslega þætti fjarkennslu, fjarvinnu og notkun samfélagsmiðla, starfsleitarþjálfun, stuðningsleiðir, samvinnu, tengslanet, að skipta um starfsferil, fötlun í starfi, samskipti, togstreitu og sáttarleiðir. Námskeiðið fór fram í febrúar 2022.

Í seinni hluti verkefnisins munu leiðbeinendur frá Noregi og Íslandi verða pólskum samstarfsmönnum innan handar þegar kemur að rýni.

Með verkefninu á að bæta gæði og aðlaga framboð starfsmenntunar hjá samstarfsaðilanum í Póllandi að þörfum atvinnulífsins, meðal annars með fjarkennslu. Markmiðið er að þróa þarfagreiningu fyrir starfsnema og atvinnulífið. Afurðirnar verða prófaðar og síðan gefnar út í handbók og síðan fylgt á eftir með ráðstefnu í Póllandi og námskeiði á Íslandi.

Verkefninu mun ljúka árið 2023.



Þróunarverkefni


Microsoft Teams og starfaprófill leiðbeinanda í fullorðinsfræðslu

Markmið verkefnisins var að kenna leiðbeinendum að nota Microsoft Teams við kennslu á meðan þeir þjálfa kennsluhæfni sína með því að nota starfaprófil leiðbeinanda sem kennsluefni. Á meðan verkefnið var í gangi var markmiðið útvíkkað þannig að leiðbeinendur lærðu um starfaprófil, sjálfsmatslista og vegvísi fyrir leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu.

Öll þessi verkfæri eru aðgengileg á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Afurð verkefnisins eru myndbönd sem aðgengileg eru á YouTube og 30 kennslustunda námskeið sem hægt verður að halda fyrir leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu með stuttum fyrirvara á Teams.

Á námskeiðinu læra þátttakendur á Microsoft Teams sem námsumsjónarkerfi og stafræna skólastofu og fá þjálfun með því að skipuleggja stutt námskeið út frá þeim sem tengjast hæfni leiðbeinanda í fullorðinsfræðslu og notkun á Microsoft Teams við fræðslu. Myndböndin er hægt að nálgast á YouTube, annars vegar 18 myndbönd um notkun Microsoft Teams fyrir fjarkennslu og sem námsumsjónarkerfi og hins vegar 9 myndbönd um hæfni leiðbeinanda í fullorðinsfræðslu. Námskeiðið var prufukeyrt með starfsmönnum símenntunarstöðva víða um land á árinu 2022 og luku 9 þátttakendur námi. Verkefnið var styrkt af Fræðslusjóði.

Verkefnið hófst vorið 2021 og lauk á vordögum 2023.



Ársreikningur



Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga að undanskildum kröfum um framsetningu bundinna eiginfjárreikninga þar sem um félagasamtök er að ræða.

Markmið Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum er að efla endur- og símenntun Suðurnesjanna, samstarf atvinnulífs og skóla og tengsl grunn- og endurmenntunar. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum býður einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum námskeið sem ekki heyra beint undir fornlegt námsframboð skóla og er hér einkum átt við frístundanám og starfstengd námskeið og námskeiðaraðir. Kennslu í Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum er hagað þannig að hún hæfi fullorðnum.

Starfsemin á árinu

Tekjur umfram gjöld félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam.....	(1.340.636)
Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu.....	190.919.055
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	155.254.945
Eiginfjárhlutfall félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	81,3%
Fjöldi ársverka á árinu nam.....	19,5

Tillaga stjórnar

Stjórn félagsins leggur til að tap ársins verði yfirfært til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Yfirlýsing stjórnar og forstöðumanns

Að álitni stjórnar og framkvæmdastjóra Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum ses. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum ses. staðfestir hér með ársreikning félagsins

Reykjanesbær 8. maí 2023


Í stjórn


Kristín María Birgisdóttir
stjórnarformaður


Elfert Eiríksson


Kristján Ósmundsson


Ólafur Magnússon


Unnur Ýr Kristinsdóttir

Förstöðumaður


Guðjónína Sæmundsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur		459.663.317	436.077.893
Aðrar tekjur		1.757.369	6.539.765
Laun og annar starfsmannakostnaður	4	(248.724.074)	(224.584.756)
Annar rekstrarkostnaður		(210.905.707)	(209.621.055)
Afskriftir fastafjármuna	6	(8.759.759)	(7.608.681)
Rekstrarniðurstaða		(6.968.854)	803.166
Fjármunatekjur		6.945.767	1.369.940
Fjármagnsgjöld		(1.317.549)	(708.690)
	5	5.628.218	661.250
Tekjur umfram gjöld		<u>(1.340.636)</u>	<u>1.464.416</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	12.034.393	15.915.976
Fjárfestingarverðbréf		100.000	100.000
		<u>12.134.393</u>	<u>16.015.976</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		30.169.482	20.999.418
Aðrar skammtímakröfur		4.900	4.900
Handbært fé		148.610.280	168.944.370
		<u>178.784.662</u>	<u>189.948.688</u>
Eignir		<u>190.919.055</u>	<u>205.964.664</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	8	155.254.945	156.595.581
Eigið fé		<u>155.254.945</u>	<u>156.595.581</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		3.041.990	6.823.859
Aðrar skammtímaskuldir		32.622.120	42.545.224
		<u>35.664.110</u>	<u>49.369.083</u>
Skuldir		<u>35.664.110</u>	<u>49.369.083</u>
Eigið fé og skuldir		<u>190.919.055</u>	<u>205.964.664</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða		(6.968.854)	803.166
Afskriftir		8.759.759	7.608.681
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		1.790.905	8.411.847
Aðrar rekstartengdar eignir, (hækkun)		(9.170.064)	(4.638.496)
Rekstartengdar skuldir (lækkun), hækkun		(13.704.973)	4.185.693
Handbært fé (til), frá rekstri án vaxta og skatta		(21.084.132)	7.959.044
Innborgaðir vextir og arður		6.945.767	1.369.940
Greiddir vextir		(1.317.549)	(708.690)
Handbært fé (til), frá rekstri		(15.455.914)	8.620.294
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	6	(4.878.176)	(9.443.180)
		(4.878.176)	(9.443.180)
Fjármögnunarhreyfingar			
		0	0
		0	0
Lækkun handbærs fjár		(20.334.090)	(822.886)
Handbært fé í upphafi árs		168.944.370	169.767.257
Handbært fé í lok árs		<u>148.610.280</u>	<u>168.944.370</u>